

61 ins um fyrirspurn sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, viðvíkjandi búnaðarskólagjaldi af eyði-
27. maí. jörðunum Vatnsenda, Ottarstöðum og Kollavíkurseli í Svalbarðshreppi vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg er amtsráðinu sam-
dóma um, að sveitarfelagi Svalbarðshrepps, sem hefir keypt hina fyrstnefndu jörð til að nota hana sem afrjett, beri að greiða búnaðarskólagjald af henni, og að búnaðarskóla-
gjaldið af hinum 2 eyðijörðum skuli heimtað af ábúöndum prestssetursins Svalbarðs og jarðarinnar Kollavíkur, er nota land þeirra og hafa þær verið hjáleigur frá tjeðum jörðum áður en þær lögðust í eyði.

Að því leyti fyrirspurn sýslumanns snertir búnaðarskólagjaldið af brennisteins-
námunum í Þingeyjarsýslu hefi jeg ritað ráðgjafanum fyrir Ísland um málið.

62 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
30. maí. niðurjöfnun dýratolls. — Í kærskjali, sem þjer, herra amtmaður, hafið sent mjer, kvartar hreppsnefndin í Vindhælishreppi yfir því, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu hafi skipað að jafna niður dýratolli á fjáreigendur í hreppnum eptir fjártölu, og að innheimta hann sjerstaklega í peningum, þó að sú venja hafi verið ákomin í Vindhælishreppi, eins og víðar í sýslunni, að allur kostnaður til dýraveiða hafi verið greiddur úr sveitarsjóði, og hafi fyrirkomulag þetta, sem þyki einkar hagfellt, bæði fyrir gjaldendur og þá, sem eiga að innheimta gjöldin, verið samþykkt 5. júní 1871 af hinum þáverandi sýslumanni; loksins hefir hreppsnefndin tekið fram, að eyðing refa sje eigi fjáreigöndum einum í hag, heldur engu að síður þeim, er varphlunnindi hafa, og yfir höfuð virðist að efla almenna hagsæld, og því ekki vera neinum hreppsbúa óviðkomandi.

Þjer látið, herra amtmaður, það álit yðar í ljósi, að það myndi hagkvæmast, að lofa hreppsnefndunum sjálfum að ráða því, hvort kostnaði til refaveiða sje jafnað niður sjerstaklega á fjáreigendur eptir fjártölu og hann svo innheimtur fráskilinn öðrum sveitargjöldum, eða þá gjörður að einu atriði í sveitarreikningnum og borgaður úr hreppsjóði, en sjerstök niðurjöfnun á þessum kostnaði segið þjer hafi marga erfiðleika í för með sjer fyrir sveitarnefndina, og sje því sú venja víða komin á í umdæmi yðar, að kostnaður þessi sje beinlinis greiddur úr sveitarsjóði og bendið þjer á, að heimild þar til virðist vera í 17. gr. tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872, sem virðist hafa breytt fyrirætlum 33. greinar hreppstjórainstruxins frá 24. nóvbr. 1809 um þetta atriði.

Um leið og jeg skírskota til þess, sem tekið er fram í brjefum mínum frá 29. júlí 1880 (stjórnartíð. B. 128) og 15. maí 1879 (stjórnartíð. B. 76) vil jeg, út af því sem hefir framkomið í þessu máli, tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að jeg sjái ekkert því til fyrirstöðu, að jafna niður dýratollum með öðrum sveitargjöldum.

63 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun prófafa. — Í þóknan-
30. maí. legu brjefi frá 19. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, út af erindi, sem stiptsyfir-
völdin hafa sent yður fyrir hönd nefndar þeirrar, er síðasta prestastefna hafði kosið til þess meðal annars að íhuga, hvernig bæta skyldi kjör hjeradsprófastanna, lagt það til, að ráðgjafinn ljeti leggja fyrir alþingi í sumar komandi frumvarp til laga um afnám umreiðarlauna þeirra, sem próföstum nú bera, og í annan stað frumvarp til laga um, að hverjum hjer-

aðsprófasti landsins verði í þess stað og sem endurgjald skrifstofukostnaðar veitt 200 kr. árleg þóknun úr landssjóði. 63

30. maí.

Fyrir því lætur ráðgjafinn eigi á frest skotið þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafanum þykir ísjárvert að koma á framfæri frumvarpi um hið ofanumgetna fyrirkomulag, því að með því að veita próföstum þóknun eða laun úr landssjóði fyrir embættisstörf þeirra, virðist ný launaregla lögleidd án nægilegrar ástæðu, og þar að auki þykir ráðgjafinn geta gengið að því vísu, að þingið muni með öllu ótilleiðanlegt til að fallast á slíkt frumvarp, er myndi baka landssjóði eigi alllitinn kostnað. En að því leyti sem frumvarp það, er að ofan ræðir um, gjörir þá varatillögu, að íeynt verði að útvega próföstum árlegt endurgjald úr landssjóði fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 100 kr., þykir loks hlýða, að geta þess, að ritstörf prófastanna virðast eigi umfangsmeiri en svo, að þeir með hægðarleik geti leyst þau af hendi sjálfir.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tíund til prests og kirkju. — Með þóknanlegu brjefi frá 30. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um tíundargreiðslu til prests og kirkju, og hafið þjer um leið getið þess, að stiptysfirvöldin fyrir hönd nefndar, er hin síðasta prestastefna hafið skipað til þess að taka til íhugunar, hvernig ákveða skyldi vald og starfsvæði prestastefnunnar, hafi sent yður frumvarp þetta með tilmælum um, að það yrði lagt fyrir ráðgjafann. Þjer hafið og látið í ljósi, að þjer ekki getið ráðið til, að gjörð sje gangskör að því, að leggja frumvarpið fyrir alþingi þetta ár, því að gegn aðalákvörðunum frumvarpsins, sem miði til þess að afnema án endurgjalds undanþágu þá, er einstöku jarðir hafa haft með greiðslu á tíund til prests og kirkju, sju færðar fullnægjandi mótbáru í frumvarpi því til laga um skipun prestakalla, sem lagt hafi verið fyrir alþingi 1879, en breytingu þá á innheimtu tíundarinnar, sem frumvarpið fer fram á, að verði lögð á herðar sýslumönnum, muni eigi heldur ráðlegt að framkvæma án þess, að sýslumenn fengu hæfilega þóknun fyrir hana, en af því leiddi aptur, ef til vildi, tilfinnanlega tekjurýrnun fyrir suma presta. 64

30. maí.

Út af þessu lætur ráðgjafinn eigi á frest skotið þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn af ástæðum þeim, er þjer hafið tekið fram, álitur frumvarp þetta eigi lagað til að leggjast fyrir alþingi.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun handa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1883. — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögum ráðgjafans hefir hans hátign konunginum 25. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að borgunin handa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi því, sem á að koma saman á árinu 1883, skuli vera 2000 kr., og er upphæð þessi dregin frá tillaginu úr ríkissjóði nefnt ár; en það er tilfært í 6. gr. frumvarps þess til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, sem sent hefir verið yður, herra landshöfðingi, með brjefi frá ídag. 65

30. maí.

Þetta lætur ráðgjafinn eigi undan falla hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um silfurbergsnámuna í Helgu- staðafjalli. — Eptir að ráðgjafinn hafið meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfð- 66

30. maí.